



## Fréttabréf forseta

Desember 2016

### Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

„Bráðum koma blessuð jólin“  
heyrist sungið þessa dagana og  
víst er um það að jólahátíðin er  
handan við hornið. Annríki ein-  
kennir dagana en vonandi  
látum við það ekki aftra okkur  
frá að njóta aðventunnar og  
samveru við fjölskyldu og vini.



Daglega berast okkur fréttir af hörmungum  
stríðþjáðs fólks úti í hinum stóra heimi, hörmungum  
sem við stöndum vanmáttug gegn. Á þessum tíma  
viljum við gjarnan láta gott af okkur leiða og ef við  
erum aflögufærar ættum við að hugsa til þessa fólks  
og reyna að styrkja það í einhverri mynd. Ég minni  
líka á að samtökin okkar eru aðilar að verkefninu  
[Schools of Africa](#) og skemmtilegt væri ef deildirnar  
leggðu eitthvað af mörkum til verk-  
efnisins, t.d. á fyrsta fundi eftir jól.

#### Fréttabréfið

Í síðustu viku sendi Samskipta- og  
útgáfunefndin okkur fréttabréfið,  
glæsilegt að vanda. Gaman var að  
lesa um öflugt starf deildanna en ekki síður  
hugleiðingar félagskvenna um hvað það hafi gert  
fyrir þær að vera í félaginu okkar um leið og þær  
brýna okkur til að stuðla að góðum verkefnum innan  
fálagsins og vera óhræddar við að láta að okkur  
kveða í samfélaginu. Ritnefndinni og öllum sem gáfu  
af tíma sínum og lögðu til efni færir ég bestu þakkir.  
Þar sem alþjóðasambandið hefur lagt áherslu á  
kynningu samtakanna út á við gæti það verið góð  
hugmynd að prenta út eintak af fréttabréfinu og láta  
liggja frammi á vinnustöðum ykkar.

#### Fyrir deildastarfið

Á vefnum okkar er liður sem heitir [Deildastarfið](#). Þar  
má finna ýmislegt efni sem gagnast formönnum í  
starfi, svo sem eins og handbókina, leiðbeiningar  
vegna inntöku nýrra félaga og margt fleira. Einnig eru  
þar leiðbeiningar fyrir vefritara.

#### Andlát félagskvenna

Mér þætti vænt um ef þið senduð mér línu ef andlát  
ber að höndum í ykkar deild. Við höfum reynt að

geta þess á heimasíðunni okkar þegar slíkur at-  
burður á sér stað en í stórum félagsskap eins og  
okkar er erfitt fyrir vefstjóra að halda utan um slíkt  
nema þær sem þekkja best til láti vita.

#### Vefurinn

Ég bið ykkur um að minna vefritara í deildunum  
ykkar á að uppfæra vefinn. Nokkrar deildir hafa  
tekið vel við sér í haust og uppfært upplýsingar en  
betur má ef duga skal. Ég minni ykkur líka á að fara  
reglulega inn á [vef alþjóðasambandsins](#) og fylgjast  
með hvað er að gerast á þeim vettvangi.

#### Skýrslur

Fyrir **1. febrúar** þurfa allir formenn að fylla út  
**skýrslu** um starfið. Eins og kom fram í tölvupósti  
sem ég sendi ykkur fyrir stuttu er skýrslan á vefnum  
og hægt að svara henni þar og  
þá berst hún sjálfkrafa til mín.  
Slóðin á skýrsluna er: [https://  
goo.gl/forms/  
JloaxpaChrSduXYA2](https://goo.gl/forms/JloaxpaChrSduXYA2).  
Ég sendi svo áminningu aftur

**Verum virkar –  
styrkjum starfið**

eftir áramót.

Ég minni líka á **styrkina** sem sækja þarf um fyrir **1.  
febrúar** og bent var á í síðasta bréfi.

#### Evrópuráðstefnan

26.–29. júlí verður Evrópuráðstefnan haldin í Tallin  
í Eistlandi. Gott er að huga sem fyrst að því að setja  
saman ágríp að erindi eða vinnustofu því fljótlega  
verður auglýstur skilafrestur fyrir slíkt og er þá gott  
að hafa þetta tilbúið.

Að lokum óska ég ykkur og fjölskyldum ykkar gleði-  
legra jóla og farsæls komandi árs. Hlakka til að  
starfa með ykkur á nýju ári!

#### Bestu kveðjur!

**Eygló, forseti DKG**

